

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

139. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins haldinn þann 22. febrúar 2023 kl. 15:15.

Til fundarins mættu: Rósa Magnúsdóttir, Tómas G. Gíslason, Svava S. Steinarsdóttir og Helgi Guðjónsson, sem jafnframt ritaði fundargerð, frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) og Hörður Þorsteinsson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF).

Dagskrá:

Formennska í Framkvæmdastjórn vatnsverndarsvæðisins færir til Harðar Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

HER fundarefni:

- Nýr framkvæmdastjóri HER boðinn velkominn
- Umræða um fund Almanna- og Gróðureldar, forvarnir og skipulag“ 14. febrúar s.l.
- Endurskoðun Vatnsverndarsamþykktar frá 2015 – betri úrræði og betri úrræði til að bregðast við.
 - *Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu leggur til að þegar verði hafin vinna við gerð sérstakrar samþykktar fyrir öryggissvæði vatnsverndar til styrktar gildandi vatnsverndarsamþykkt fyrir höfuðborgarsvæðið nr. 555/2015.*

HEF fundarefni:

- Viðbragðsáætlun vegna gróðurelda á vatnsverndarsvæðinu
 - *Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hvetur Almanna- og Gróðureldar til að halda áfram vinnu við viðbragðsáætlun vegna gróðurelda á vatnsverndarsvæðinu.*
- Samstarf við vatnsveitur á svæðinu. Framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að efla samstarf vatnsveitna og fagnar auknum samskiptum.
- Framkvæmdir á Vatnsverndarsvæðinu. HEF gerði grein fyrir framkvæmdum við Suðurlandsveg.
- Rannsóknarborholur í Bláfjallafólkvangi, úrskurður Umhverfisstofnunnar.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sóttu með bréfi dags. 21. janúar 2022, um leyfi til að bora rannsóknarborholur innan Bláfjallafólkvangs. Umhverfisstofnun svaraði erindinu dags. 13. janúar 2023 þar sem veitt er leyfi til borunar á fjórum nýjum rannsóknarholum til grunnvatnsmælinga innan Bláfjallafólkvangs. Leyfið er m.a. háð þeim skilyrðum afmá skuli aðkomuslóða að rannsóknarholunum að framkvæmdartíma loknum.

 - *Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu minnir á að samkvæmt samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015 skulu allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins vera á forsendum vatnsverndar. í 72. gr. samþykktarinnar sem fjallar um Bláfjallafólkvang, er óheimilt að veita leyfi fyrir nýjum framkvæmdum og rekstri innan vatnsverndarsvæðisins í Bláfjallafólkvangi fyrr en fullnægjandi mótvægisáðgerðir hafa farið fram. Lagfæringar á Bláfjallaleið og borun á rannsóknarholum til að afla nánari vitneskju um stefnu og styrk grunnvatnsstrauma á svæðinu, eru m.a. hluti af þeim mótvægisáðgerðum sem samþykktar hafa verið til þess að veitt verði leyfi til áframhaldandi uppbyggingar skíðasvæðis í Bláfjöllum. Stjórnin ítrekar því mikilvægi þess að hraðað verði gerð rannsóknarborhola á suðurhluta vatnsverndarsvæðisins. Þar ríkir töluverð óvissa um stefnu og styrk grunnvatnsstrauma á söfnunarsvæði vatnsbóla. Framkvæmdastjórnin hefur lagt ríka áherslu á að ítrustu varúðar sé gætt við allar framkvæmdir á verndarsvæðinu og þá ekki síst við gerð vegslóða, borplana og við jarðboranir. Framkvæmdaaðilar og verktakar vinni í samræmi við þau skilyrði sem heilbrigðisnefndir setji framkvæmdum á svæðinu hverju sinni. Um slíka tilhögun hefur náðst góð sátt.*

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Framkvæmdastjórnin er hins vegar andstæð því að farið sé í meiriháttar óþarfar framkvæmdir innan svæðisins sem skapað geta enn frekari mengunarhættu fyrir grunnvatn á svæðinu. Stjórnin sér engan ávinning af því að vegslóðar og borplön vegna gerð nýrra rannsóknahola, verði fjarlægð í verklok. Slikt kallar á mikla óþarfa véla- og tækjavinnu með viðeigandi slyshættu. Mun skynsamlegra sé að leggja áherslu á að slóðar falli vel að landi og ef þörf krefur að umferð um þá verði takmörkuð með öðrum hætti.

- Bláfjöll og starfsemi þar. HEF gerði grein fyrir framkvæmdum á skíðasvæðinu.
- Opnun á vegi frá Hafnarfirði í Bláfjöll.
 - *Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu minnir á að vegurinn frá Hafnarfirði og upp í Bláfjöll þarf að uppfylla allar öryggiskröfur hliðstæðar og vegurinn frá Suðurlandsvegi og upp í Bláfjöll áður en það kemur til álita að hleypa umferð á veginn.*
- Staða vatnsöflunar í Mosfellsbæ, ný vatnsból og undanþágur frá samþykktum um vatnsverndarsvæði. HEF ræddi stöðuna. Afla þarf ítarlegri gagna.

Önnur mál:

- Skógrækt á vatnsverndarsvæðinu
 - *Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu telur þörf á frekara samráði við skógræktarfélag sem starfa innan og við vatnsverndarsvæðið og að betri yfirsýn sé yfir þær framkvæmdir og grisjanir sem eru á svæðinu á þeirra vegum.*

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu árið 2022

Inngangur

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vinnur skv. samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla inna lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Markmið samþykktarinnar er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf. Þannig er stuðlað að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu. Verndun er byggð á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti, vöktun, samvinnu sveitarfélaga og upplýsingagjöf.

Framkvæmdastjórnin kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar yfir lögsögumörk. Framkvæmdastjórnin fjallar um ýmis konar áform er varða skipulag, framkvæmdir og landnýtingu. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda.

Stjórnina skipuðu Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) og Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) en hún tók við formennsku af Herði á fyrsta fundi ársins. Aðrir starfsmenn heilbrigðiseftirlitssvæðanna eru kallaðir á fundi eftir þörfum.

Um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þekur um 247 km². Svæðinu er skipt í fjóra verndarflokka: Brunnsvæði (3,5% á þekju), grannsvæði (39%), fjarsvæði (49%) og öryggissvæði (8,5%). Brunnsvæðin eru afgirt og lokuð fyrir óviðkomandi umferð, grannsvæðin eru ógirt og umferð aðallega vegna útivistar. Svæðið er skiltað við útmörk þess og er eftirlit eftir þörfum. Grunnvatn og neysluvatn sem kemur frá vatnsverndarsvæðinu er í hæsta gæðaflokki og mikilvægt er að þessi auðlind verði nothæf um ókomna tíð. Jarðfræði svæðisins einkennist af lekum jarðlögum og eru víða sprungur þar sem er opið ofan í grunnvatnið og því er svæðið sérstaklega viðkvæmt fyrir mengun þar.

Samráðshópur SSH

Hörður Þorsteinsson sat, fyrir hönd framkvæmdarstjórnar, fundi samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) ásamt fulltrúum veitna og fulltrúum sveitarfélaganna. Haldnir voru nokkrir fundir á árinu þar sem fjallað er um helstu verkefni í tengslum við vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, framkvæmdir á vatnsverndarsvæði og rannsóknir. Meginverkefni samráðshópsins er að tryggja að nauðsynleg yfirsýn sé yfir þau mál og viðfangsefni sem lúta að vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og þeim verkefnum sem

tengjast svæðinu á hverjum tíma. Framkvæmdastjórnin hefur á liðnum árum talið mikilvægt að efla grunnrannsóknir á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins til að bæta þekkingu á legu grunnvatnsstrauma og er mikilvægur þáttur í þeim rannsóknum að fjölga rannsóknarholum á svæðinu. Grunnvatns- og rennislíkan höfuðborgarsvæðisins gegnir lykilhlutverki við framfylgd vatnsverndar sem og við mat á áhrifum nýrra framkvæmda eða starfsemi á aðrennissvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins.

Fundir á árinu 2022

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins hélt tvo fundi á árinu 2022.

Auk stjórnarmanna sátu fundina Helgi Guðjónsson frá HER og Páll Stefánsson og Ríkharður Friðriksson frá HEF .

Fundargerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins og má nálgast fundargerðirnar á vefsvæðum heilbrigðiseftirlitanna.

Helstu mál ársins 2022

- Fulltrúar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd sátu fund vegna viðbragðsáætlunar vegna gróðurelda í Heiðmörk. Kynning á búnaði og verkaskiptingu mismunandi viðbragðsaðila. Unnið verður að viðbragðsáætlun vegna gróðurelda á vegum Almannavarna. Sérstaklega verður hugað að mikilvægi vatnsverndar.
- Breikkun Suðurlandsvegur frá Bæjarhálsi að Hólmsáa. Óskað er eftir umsögn bæði HER og HEF. Umsagnir eru í vinnslu í báðum heilbrigðiseftirlitum.
- Lagt til að skógræktarfélag á höfuðborgarsvæðinu séu boðuð til fundar með framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og rætt verði um fyrirkomulag með stígagerðum og framkvæmdum á vatnsverndarsvæðinu sem skógræktarfélögin standa fyrir. Slíkur fundur fór fram á vormánuðum í húsakynnum HER í Borgartúni 12-14. Gott samtal náðist við skógræktarfélögin.
- Ýmis starfsleyfi voru gefin út vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðisins og má afgreiðslu þeirra sjá á fundum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins og má nálgast fundargerðirnar á vefslóðum heilbrigðiseftirlitanna.

Helstu lög, reglugerðir og samþykkt sem gilda um svæðið og kort

- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ásamt síðari breytingum.
- Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 með síðari breytingum.
- Samþykkt nr. 555/2015 um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar
- Kort af vatnsverndarsvæðinu má nálgast á heimasíðum heilbrigðiseftirlitanna.